

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Þorvaldur Jónsson, formaður
Stekkjarbrekku 8
730 Fjarðabyggð

4. nóvember 2002

Vísað er til erindis félagsins, dags. 6. október sl., þar sem óskað er eftir því að réttindanefnd BSRB gefi álit sitt á því hvort bílastyrkur garðyrkjustjóra (G) sé hluti af föstum launum hans og eigi sem slíkur að reiknast inn í laun hans þrátt fyrir að hann aki ekki lengur v/ veikinda.

Málavextir, skv. ofangreindu bréfi, eru í stuttu máli þeir að skv. ráðningarsamningi G fær hann bílastyrk sem nemur 900 km. Fram kemur að vegna heilsufarsástæðna hafi G ekki getað sinnt akstri en stundi vinnu sína að öllu öðru leyti. Bifreiðastyrkurinn hefur hins vegar ekki verið greiddur þar sem hann getur ekki sinnt akstri.

Samkvæmt álit frá yfirmanni G, dags. 14. maí sl., lítur hann svo á að bílastyrkurinn sé ekki hluti af föstum launum G og því hafi verið rétt að fella niður styrkinn um leið og hann hætti akstri. Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi (FOSA) vísar hins vegar til þess að getið sé um bílastyrkinn í ráðningarsamningi og því sé hann hluti af föstum launum sem greiða eigi á meðan réttur hans til launa í veikindum varir.

Við mat á því hvort G eigi áfram rétt á bifreiðastyrknum þarf að líta til tveggja atriða.

Í fyrsta lagi þarf að skoða hver sé tilgangurinn með bifreiðastyrki. Samkvæmt túlkun réttindanefndar BSRB hefur bifreiðastyrkur verið hugsaður sem útlagður kostnaður fyrir það að starfsmaður noti eigin bíl í þágu vinnunnar, en ekki sem launauppbót. Því til stuðnings er sú skylda starfsmanns að halda akstursbók yfir akstur í þágu vinnunnar. Um leið og G vegna heilsufarsástæðna getur ekki sinnt akstri verður hann ekki fyrir kostnaði af því að nota bíl sinn í þágu vinnunnar og á því ekki rétt á bifreiðastyrk, nema um annað hafi verið samið.

Í öðru lagi þarf að skoða hvað kemur fram í ráðningarsamningi G. Í samningnum kemur fram að hann eigi að fá bílastyrk miðað við 900 km. Það að það sé skráð í ráðningarsamning að hann eigi rétt á bílastyrk ræður, að mati réttindanefndar, ekki úrslitum um að það teljist hluti af föstum launum hans. Ekkert í ráðningarsamningnum segir til um að þetta eigi að vera hluti af föstum launum hans heldur birtist þetta einungis sem staðfesting á greiðslu fyrir akstur á ákveðnum fjölda kílómetra. Það styrkir niðurstöðu nefndarinnar að í ráðningarsamningnum er vísað til

Þess að endurskoða eigi bifreiðastyrk í ljósi af raunverulegs aksturs og að leggja eigi fram akstursbók við þá endurskoðun.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða réttindanefndar að ekki sé hægt að líta á bifreiðastyrk G sem hluta af föstum launum hans.

F.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.